

Nd.

246. Frumvarp

til laga um, að efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlenda framleiðslu, skuli undanþegið innflutningstollum.

Flm.: Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, skal undanþegið hverskonar innflutningstollum til loka ársins 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það mun láta nærri, að notaðar séu í landinu að meðaltali um 200 þús. sildartunnur á ári, sem mundu kosta um 1 millj. króna, ef allar væru innfluttar. Ef hinsvegar væri innflutt efni í allar þessar tunnur og þær smíðaðar hér, mundi sparast sem næst helmingur þessarar upphæðar. Af þessu er augljóst, að keppa ber að því, að smíði tunnanna fari fram hér á landi. Vísir til tunnugerðar er til í landinu, en sú iðnaðargrein á mjög í vök að verjast, og það svo, að legið hefir við borð, að hin innlenda tunnugerð félli með öllu niður sum árin. Sem stendur þykir ekki fært að leggja til, að tollur af tilbúnum tunnnum verði hækkaður, en slíkt gæti vitanlega komið til mála, þegar innlend tunnframleiðsla er komin í fastara horf. Hér er því lagt til sem bráðabirgðaúræði, að innflutningstollur (vörutollur) af efni í tunnur verði felldur niður næstu 3 ár. Ef gert er ráð fyrir, að smíðaðar verði innanlands 50 þús. tunnur næsta ár, þá nemur tolltap ríkissjóðs ca. 9500 krónum. Er það að vísu dálítill upphæð, en þó hverfandi lítil í samanburði við þann sparnað fyrir þjóðarbúið, sem verið er að keppa að með þessu frumvarpi.

Kjöttunnur munu eigi hafa verið smíðaðar hér á landi enn sem komið er. Um þær er þó svipað að segja sem sildartunnurnar. Þær 50 þús. krónur, sem vér greiðum árlega út úr landinu fyrir smíði þeirra ca. 10 þús. kjöttunna, er vér notum, væru betur komnar í vösum landsmanna sjálfra.